



FJÖLMÍÐLANEFND

Allsherjar- og menntamálanefnd
Alþingi v/Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. janúar 2018
Mál. 2018-1851

Efni: Umsögn fjölmiðlanefndar um tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi.

Vísað er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, frá 13. desember 2018, þar sem óskað var umsagnar fjölmiðlanefndar vegna tillögu til þingsályktunar um að efla íslensku sem opinbert mál á Íslandi (þingskjal nr. 631) Var þess óskað að umsögn bærisk eigi síðar en 14. janúar 2019.

Í tillögunni er lagt til að stuðlað verði að vitundarvakningu um mikilvægi íslenskrar tungu, gildi hennar og sérstöðu. Vitundarvakning þessi undir yfirskriftinni „Áfram íslenska“ speglisk í þeim aðgerðum sem fjallað er um í tillögunni. Helstu markmið tillögunnar eru að íslenska verði notuð á öllum sviðum samfélagsins, íslenskukennsla verði eflað á öllum skólastigum ásamt menntun og starfsþróun kennara og að framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi verði tryggð.

Fjölmiðlanefnd fagnar þingsályktunartillögunni og sérstaklega því markmiði hennar að tryggja framtíð íslenskrar tungu í stafrænum heimi. Á tímum mikilla tækniframfara og greiðs aðgangs að erlendu efni á netinu er mikilvægt að standa vörð um íslenska tungu. Stór hluti Íslendinga ver dagóðum tíma á síðum samfélagsmiðla og vefmiðla á degi hverjum. Á sama tíma fækkar útgefnum prentmiðlum á Íslandi og lestur fjölmiðla fer að stórum hluta fram í gegnum netið. Íslenskir fjölmiðlar spila stórt hlutverk í að viðhalda og efla íslenska tungu eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni. Að mati fjölmiðlanefndar er því afar mikilvægt að standa vörð um og efla íslenskan fjölmiðlamarkað og fagnar nefndin því að til standi að endurgreiða kostnað einkarekinna rit- og ljósvakamiðla að hluta. Þetta er í samræmi við tillögu¹ nefndar skipaðrar af

¹ Rekstrarumhverfi fjölmiðla, tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla. Menntamálaráðuneytið, 2018. http://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2018/01/Rekstrarumhverfi-fjo%CC%88lmi%C3%B0la_25.-janu%CC%81ar-2018.pdf

mennta- og menningarmálaráðherra þann 30. desember 2016, til að fjalla um tillögur um breytingar á lögum og/eða aðrar nauðsynlegar aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla hér á landi. Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra þann 25. janúar 2018. Tillaga nefndarinnar var m.a. endurgreiðsla á hluta kostnaðar vegna framleiðslu á fréttum og fréttatengdu efni til að koma til móts við þau mikilvægu sjónarmið að bæta þurfi rekstrargrundvöll einkarekinna fjölmiðla sem sinna lýðræðis- og menningarlegu hlutverki í íslensku samfélagi. Einnig kemur fram í skýrslunni að Norðurlöndin hafi öll veitt ríkisstyrki til fjölmiðla sem hluta af heildarstefnumótun sinni þar sem stjórnvöld telji það skyldu sína á grundvelli tjáningarfrelsis, sem kveðið sé á um í stjórnarskrám, að stuðla að tjáningarfrelsi og frelsi til upplýsingar.² Þá er fjárhagsstuðningur við einkarekna fjölmiðla mikilvægur til að einkareknir ljósvakamiðlar geti eftt enn frekar innlenda dagskrárgerð og aðgengi að henni, enda er íslenskt efni dýrt í framleiðslu og kostar hlutfallslega það sama á litlum markaði og á milljónamörkuðum.


Eitt af lögbundnum hlutverkum fjölmiðlanefndar er að efla miðlalæsi. Í tillögunni er fjallað um mikilvægi læsis og að tryggja þurfi virka aðkomu, m.a. fjölmiðla, því til eflingar. Læsi er einn af grunnþáttum menntunar, þ.e. færni fólks í því að nota mörg táknerfi og miðla til að skapa merkingu og koma henni á framfæri (Stefán Jökulsson 2012, bls. 21). Miðlalæsi er ekki skilgreint í lögum um fjölmiðla en fjallað er um hugtakið í Ritroð um grunnþætti menntunar – Læsi. Á bls. 50 segir m.a. „í miðlalæsi (*media literacy*) felst sú færni og kunnátta sem tengist fjölbreyttri miðlanotkun, annars vegar hæfni til að meta og greina fjölmiðlaefni og ýmiss konar upplýsingar, og hins vegar geta til að búa til og miðla efni með margvíslegum aðferðum, jafnt í formi prentmáls sem annarra tjáningarmiðla. Í fyrstu tengdist miðlalæsi einkum fjölmiðlum, svo sem dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi, en snýst nú einnig um stafræna miðlun þar sem tölvur og net eru í aðalhlutverki.“

Í ljósi breytts notkunarmynsturs og aðgengis fólks að margskonar miðlunarleiðum, þar sem algrím eru nýtt með það að markmiði að stýra því hvaða fréttir birtast á fréttaveitum samfélagsmiðla og leitarvéla, telur fjölmiðlanefnd afar mikilvægt að miðlalæsi barna og ungmenna sem og fullorðinna verði eftt. Einn liður í því getur verið að kynna ungmenni fyrir ólíkum íslenskum fjölmiðlum og veita þeim greiðan aðgang að vandaðri ljölmiðlaumfjöllun á íslensku. Í tillögunni er jafnframt komið inn á hlutverk skólabókasafna í eflingu íslenskrar tungu. Í því sambandi vill fjölmiðlanefnd benda á að skólabókasöfn og almenningsbókasöfn geta veitt aðgang að fjölmiðlum bæði í prentuðu og stafrænu formi. Þannig getur að mati fjölmiðlanefndar efling íslensku og miðlalæsi haldist í hendur. Á Norðurlöndunum eru skóla- og almenningsbókasöfn mikilvægur vettvangur til að kenna öllum aldurshópum miðlalæsi.

² Rekstrarumhverfi fjölmiðla, tillögur nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla. Menntamálaráðuneytið, 2018. <http://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2018/01/Rekstrarumhverfi-fjo%CC%88lmi%C3%B0la-25.-janu%CC%81ar-2018.pdf>

Loks vill fjölmiðlanefnd upplýsa að hún er reiðubúin til samstarfs og ráðgjafar um framangreint við hverja þá aðila sem að verkefninu kunna að koma. Loks telur fjölmiðlanefnd nauðsynlegt að gert verði ráð fyrir nægum fjárveitingum til að sinna þessu mikilvæga verkefni.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,



Hulda Árnadóttir



Elfa Yr Gylfadóttir